

Reykjavík, 2.maí. 2024

## Nesvegur 46 – Fyrirspurn á breytingu á notkun bílskúrs – USK24040129

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Hönnu Rúnar Sverrisdóttur, dags. 12. apríl 2024, um breytingu á notkun bílskúrs á lóð nr. 46 við Nesveg í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Loftmynd Borgarvefsjá



Nesvegur 46

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarbyggð.

Ekki er í gildi deiliskipulag né Hverfisskipulag fyrir lóðina nr 46. við Nesveg.

### Umsögn

Óskað er eftir að breyta bílskúr í íbúð eða íbúðarherbergi. Ekki er heimilt að breyta fyrirhuguðum bílskúr á lóð í íbúð eða íbúðarherbergi, fyrr en farið hefur fram heildarendurskoðun á skipulagi hverfisins í formi hverfisskipulags þar sem mögulega verða rýmri heimildir fyrir breytingum af þessu tagi. Sú vinna er ekki farin af stað í þessum hverfishluta.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að breyta bílskúrnum í vinnustofu, með salerni og kaffiaðstöðu, sækja þarf um byggingarleyfi fyrir því.

Samþykki meðlöðanahafa verður að fylgja. Bent er á að bílskúrinn / vinnustofan verður á sama fastanúmeri og ekki hægt að selja frá.

### Niðurstað

Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð nr. 46 við Nesveg í íbúð eða íbúðarherbergi samanber umsögn hér að ofan.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**  
Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri